

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. júlí 2015 | 28. tölublað | 11. árgangur

VIÐ **ELSKUM**
AÐ PRENTA!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

BYGGINGARIÐNAÐURINN VERÐI HLUTI AF OPINBERRI STEFNUMÓTUN

- Jafnvægi þarf að nást á milli framboðs og eftirspurnar í byggingariðnaði
- Stjórnvöld sögð stýra verkefnum til stærri fyrirtækja
- Svört atvinnu- starfsemi vaxandi vandamál í byggingariðnaði
- Endurskoða þarf starfsnám



Áhugi á Indlandi að aukast

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum við Indland er tekinn að aukast, segir Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Nýju-Delí. Hann er á meðal framsögmanna um tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands í fyrramálið.



Þórir bendir á að meiri hagvexti sé spáð í Indlandi en í Kína á næstunni. Gert sé ráð fyrir hagvexti undir 7 prósentum á árunum 2015 til 2016 í Kína en á næstu árum sé spáð 7,5 til 8 prósentu hagvexti í Indlandi. → **SÍÐA 2**

Michelsen fjölga verslunum

Eftir að hafa starfrækt verslun í miðbænum í rúm 70 ár ætla Michelsen úrsmiðir að opna verslun í Kringlunni á næstunni og vera á báðum stöðum. Unnið var að því að standsetja verslunina á föstudaginn. Frank M. Michelsen, framkvæmdastjóri verslunarinnar, segir Íslendinga hafa verið hrakta úr miðbænum undanfarið. „Við ætlum því að vera með alla öngla úti,“ segir Frank. → **SÍÐA 2**

Skattgreiðendur borgi ekki

„Of snemmt er að segja til um hvornig ganga muni að afla fjár til verkefnisins á almennum markaði en það er að sjálfsgöðu raunhæfasti mælikvarðinn á hvort verkefnið sé arðbært eða ekki,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í aðsendri grein um lest milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Hann bendir á að kostnaður við lest gæti numið yfir 100 milljörðum. Mörg dæmi séu um það erlendis að kostnaður við slík hraðlestarverkefni hafi farið langt fram úr áætlunum og almenningur verið látinn gjalda fyrir. → **SÍÐA 7**



**STJÓRNAR-
MAÐURINN**

@stjornarmadur

Raunar er ljóst að þegar kemur að skuldadögum þurfa bankarnir sennilega að vernda afkomu sína með hagræðingu eða hækkun þjónustugjalda. → **SÍÐA 8**



Á LEIÐ TIL ÚTLANDA



ACUVUE linsur
í hæsta gæðaflokki

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Ekki starfi sínu vaxin?

Skjóðan

Á ÖGURSTUNDU getur það skipt sköpum fyrir alla heimsbyggðina að ráðamenn einstakra ríkja séu starfi sínu vaxin og geti staðið undir þeirri miklu ábyrgð sem á þeim hvílir.

ÞEGAR horft er til síðari heimsstyrjaldarinnar dylst engum að þegar Winston Churchill tók við forsætisráðherraembætti í Bretlandi af Neville Chamberlain urðu kaflaskil. Stríðslukkan snerist ekki Bretum og bandamönnum í hag þegar í stað, en brotið hafði verið blað.

ÞEGAR við Íslendingar horfum til baka er erfitt að draga aðra ályktun en þá að ráðamenn í ríkisstjórn, Seðlabanka og stjórnkerfi Íslands hafi verið mörgum númerum of litlir



í sín vandasömu störf á árunum og misserunum fyrir hrúnið sem hér varð 2008.

Í GRIKKLANDI, vöggu lýðræðis í heiminum, hafa óhæfir menn farið með landstjórnina í áratugi. Um það þarf ekki að deila. Afleiðingarnar eru skelfilegar fyrir Grikkni, sem nú eru háðir nágrönnum sínum um neyðaradstoð til að afstýra algeru hrúni.

ENDURREISN Þýskalands eftir seinni heimsstyrjöldina er oft kennd við Konrad Adenauer, kanslara 1947-1963, og Ludwig Ehrhard, fjármálaráðherra hans og eftirmann, og víst er að þeir voru engir meðalmenn. Þó hefði þeim Adenauer og Erhard aldrei tekist að endurreisa Þýskaland án mikillar aðstoðar annarra ríkja. Sú aðstoð fólst m.a. í Marshall-aðstoð Bandaríkja-

manna og stórfelldri skuldaniðurfellingu, sem gengið var frá á Lundúnaráðstefnunni 1953.

NÁGRANNARÍKI Þýskalands ætluðu Þjóðverjum ekki hið óframkvæmanlega hlutskipti að komast á réttan kjöl fjárhagslega með því að skera niður útgjöld og hækka skatta í brostnu hagkerfi enda hefði það aldrei gengið. Þjóðverjum var rétt hjálparhönd og þeir reistir á fætur.

ÞVÍ er það kaldhæðnislegt þegar Grikkland er á fjárhagslegri vonarvöl að þýskir ráðamenn skuli ganga fremstir í flokki þeirra sem gera óraunhæfar kröfur um niðurskurð og skattahækkunir í gríska hagkerfinu. Ekki verður betur séð en að einn tilgangur þess skrípaleiks, sem staðið hefur í Brüssel undanfarnar vikur,

sé að niðurlægja Grikkni. Sjálfsgert er að gera kröfur um umbætur í grískri stjórnsýslu og hagstjórn en án stórfelldra skuldaafskrifta er Grikklandsævintýrið dæmt til að enda með skelfingu fyrir Evrópu.

ÞAD er ekki fyrir en á reynir sem í ljós kemur hvort stjórnámálmenn eru leiðtogar eða vindhanar. Í stað þess að leiða Grikklandskrísuna til farsællar lausnar fyrir alla höfðar Angela Merkel til lægstu hvata þýskra kjósenda. Hún er ekki starfi sínu vaxin. Nú er sjálft ESB í hættu vegna þýskrar óbilgirni í garð Grikkja. Hætt er við að sagan skipi Merkel annars staðar í sveit en með Adenauer, Erhard, Brandt, Schmidt og Kohl.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Feðgarnir í Michelsen úrsmiðum ætla að reka tvær verslanir:

Opna nýja verslun

Eftir að hafa starfrækt verslun í miðbænum í rúm 70 ár ætla Michelsen úrsmiðir að opna verslun í Kringlunni á næstunni og vera á báðum stöðum. Unnið var að því að standsetja verslunina á föstudaginn.

Frank M. Michelsen, framkvæmdastjóri verslunarinnar, segir Íslendinga hafa verið hrakta úr miðbænum undanfarið. „Við ætlum því að vera með alla öngla úti,“ segir Frank og býst við því að útlendingar muni sækja í verslunina á Laugavegi en Íslendingar muni sækja í Kringluna.

Frank segir hluta af ástæðunni líka vera þá að fram undan sé uppbygging á Laugavegi og því fyrirséð að loka þurfi versluninni þar í 2-4 vikur í vetur.

Verslunin Michelsen úrsmiðir var stofnuð á Sauðárkróki 1909. Á árunum 1943-1946 voru reknar



VERSUNIN STANDSETT Verið var að festa ljós og setja upp skilti í Kringlunni fyrir helgi.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

tvær verslanir, ein fyrir norðan og ein í Reykjavík, en þær svo sameinaðar í eina verslun í Reykjavík. -jhh

Markaðir að opnast fyrir lýsi í Indlandi

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum í Indlandi er að aukast, segir sendiherra Íslands. Ríkisstjórnin þar vinnur að því að auka erlenda fjárfestingu. Tækifæri þar fyrir verkfræðistofur, tölvuleikjaframleiðendur og framleiðendur á hreinum afurðum.

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum við Indland er tekinn að aukast, segir Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Nýju-Delí. Hann er á meðal framsögumanna á fundi Íslensk-indverska viðskiptaráðsins, Félags atvinnurekenda og utanríkisráðuneytisins um tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands á fimmtudaginn.



ÞÓRIR IBSEN SENDIHERRA

til 2016 í Kína en á næstu árum sé spáð 7,5 til 8 prósentum í Indlandi.

Þórir bendir á að forsætisráðherra Indlands, Narendra Modi, hafi lagt gríðarlega mikla áherslu á að auka erlenda fjárfestingu í landinu. „Hann hefur farið vítt og breitt, til Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, til Kína, Japans og til Evrópu til að skapa nýja ímynd af Indlandi,“ segir hann.

Þórir segir að indversk stjórnvöld leggi nú mikla áherslu á að laða að fjárfestingu og vilji byggja upp iðnað í landinu. Nútímavæða borgir og gera þær hátæknivæddar. Endurbýggja orkukerfið hjá sér og auka nýtingu á endurnýjanlegum orku-gjöfum.



Í DELÍ Um 1,2 milljarðar manna búa í Indlandi. Þar er mikil fátækt en um 400 milljónir manna eru í millistætt eða efri stéttum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þórir bendir á að mannfjöldinn í Indlandi sé 1,2 milljarðar. Þótt þar sé mikil fátækt sé líka mikil velmegun hjá hluta þeirra. Til millistétta og efri stétta teljist 400 milljónir manna

„Fyrir okkur er athyglisvert að skoða nánar þá atvinnuvegi sem þeir eru að leggja áherslu á,“ segir Þórir. Hann ítrekar að lögð sé áhersla á endurnýjanlega orku. Hún verði aukin um 160 þúsund megavött fyrir árið 2022. „Þeir leggja mesta áherslu á sólarorku, vatnsorku og jarð-

varma. Þar er biti fyrir okkur til að sækja fram,“ segir Þórir.

Þá sé lögð áhersla á að nútímavæða borgir og styrkja innviði. Þar séu tækifæri fyrir arkitekta, verkfræðistofur og fleiri aðila í byggingaframkvæmdum. Þá sé stafræni markaðurinn að eflast, meðal annars leikjamarkaðurinn. Einnig sé mikil eftirspurn eftir gervilimum og hjálpartækjum. Þá sé fólk að fjölga sem kys hreinar afurðir. Markaðir séu að opnast fyrir ómega-3 vörur og lýsi. jonhakon@frettabladid.is

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

11
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

2
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,72	-1,2%	0,9%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-4,2%	0,2%
Fjaraskipti (Vodafone)	39,02	12,0%	0,5%
Hagar	37,10	-7,5%	0,8%
HB Grandi	41,70	24,7%	1,1%
Icelandair Group	25,15	17,5%	0,0%
Marel	189,00	38,4%	1,1%
N1	38,45	69,8%	2,5%
Nýherji	12,11	141,1%	3,1%
Reginn	15,38	16,2%	2,4%
Reitir*	66,60	6,8%	2,4%
Sjóvá	10,70	-10,5%	0,0%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-20,5%	-1,4%
Vátryggingafélag Íslands	8,30	-9,4%	-1,2%
Össur	480,00	35,7%	2,1%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.478,27	14,6%	1,7%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,20	19,0%	2,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útböðsgengi).

Dagatal viðskiptalífsins

- MIÐVIKUDAGUR 15. JÚLÍ**
Hagstofan – Fiskafli í júní 2015
- FIMMTUDAGUR 16. JÚLÍ**
Hagstofan – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- FÖSTUDAGUR 17. JÚLÍ**
Þjóðskrá – Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsnæðis

- MÁNUDAGUR 20. JÚLÍ**
Hagstofan – Vísitala byggingarkostnaðar
- MIÐVIKUDAGUR 22. JÚLÍ**
Hagstofan – Vísitala kaupmáttar launa
- Hagstofan - Greiðslujöfnunarvísitala**

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Forsetinn haldi málskotsrétti:

Leiðrétt

Í Markaðshorni um Þjóðaratkvæðagreiðslur í Markaðnum þann 8. júlí síðastliðinn var fullrytt að í frumvarpi stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sé málskotsréttur forseta Íslands í núverandi stjórnarskrá afnuminn. Í stað þess sé kveðið á um að tíu af hundræði geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Það er rangt.

Hið rétta er að samkvæmt frumvarpinu mun bæði tíu af hundræði þjóðarinnar og forsetinn geta vísað málum í þjóðaratkvæði. -jhh

Nýsköpunarfyrirtækið Tulipop birtir ársreikning fyrir árið 2014:

Átta milljóna tap

Íslenska fyrirtækið Tulipop tapaði átta milljónum króna á síðasta ári. Ári áður var 1,17 milljóna króna hagnaður eftir skatta. Þetta kemur fram í samandregnum ársreikningi fyrir árið 2014, sem nýlega var birtur í ársreikningaskrá. Eigið fé félagsins var 19 milljónir í lok árs.

Þrjár starfsmenn voru að meðaltali hjá fyrirtækinu í fyrra. Stærstu eigendur Tulipop eru tveir af starfsmönnum fyrirtækisins, þær Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir, sem eiga samtals



EIGENDUR Stærstu eigendur Tulipop eru vinkonurnar Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir.

75 prósentu hlut. Tulipop-vörulínan var stofnuð árið 2010. Í dag eru vörurnar seldar víða um heim. -jhh



Make it matter.



Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merkj Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



NÝBYGGINGAR Það gætti fremur neikvæðs viðhorfs á meðal þátttakenda STEFNUMóts til samningaumhverfisins og útboðsmála sem eru ríkjandi í íslenskum byggingariðnaði. Gagnrýnt var að í opinberum útboðum væri öðru fremur horft á fjárhagslega þætti þó ljóst væri að besta tilboðið væri ekki alltaf það lægsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

Skammsýni og skipulagsleysi ríkjandi

Sveiflur í byggingariðnaði eru of miklar og skammsýni, skipulagsleysi og metnaðarleysi ríkjandi. Auka þarf virðingu fyrir iðnnámi. Gamla meistarakerfið þykir úrelt og hið opinbera þarf að styðja betur við starfsnám.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Það er lykilatriði fyrir íslenskan byggingariðnað að ná auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar innan greinarinnar til að efla samkeppnishæfni hennar. Þetta eru á meðal helstu niðurstaðna í nýrri meistararitgerð í stjórnun og stefnumótun sem Guðrún Ingvarsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri þróunarverkefna hjá Búseta, vann við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Markmið ritgerðarinnar var að greina leiðir til eflingar samkeppnishæfni íslensks byggingariðnaðar í kjölfar efnahagshruns. Í ritgerðinni er varpað ljósi á það hverjir skipa klasa íslensks byggingariðnaðar og hverjar helstu áskoranirnar eru sem klasinn stendur frammi fyrir. Einnig er fjallað um það hvaða umbótarverkefni eru til þess fallin að efla samkeppnishæfni klasans.

Megingagnaöflun í verkefni Guðrúnar fór fram á STEFNUMóti íslensks byggingariðnaðar sem var haldið í nóvember 2014. Þar komu tæplega 200 aðilar þvert á byggingariðnaðinn saman til umræðna og skoðanaskipta um stöðu og sóknarfæri.

Miklar sveiflur

Hlutdeild byggingariðnaðar í vergri landframleiðslu einkennist af verulegum sveiflum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fór hún hæst í 12 prósent af vergri

landsframleiðslu árið 2008 en eftir efnahagshrunið snarmínkaði hún og hefur að meðaltali legið í um fimm prósentum. Þátttakendur á STEFNUMóti íslensks byggingariðnaðar töldu helstu veikleika íslensks byggingariðnaðar meðal annars vera sveiflukennt ástand í hagkerfi og þau áhrif sem þessar sveiflur hafa haft á bólu myndun eða atvinnuleysi. Þeir töldu að stöðugleika vantaði og að skammsýni, skipulagsleysi og metnaðarleysi væri ríkjandi. Í umræðum vinnuhópa kom fram að á árunum eftir hrun hefðu ríki og sveitarfélög gert nákvæmlega það sem ekki hefði átt að gera. Það er, keyra upp opinbera fjárfestingu í uppsveiflu og draga svo saman áður óþekkt umsvif þegar verr áraði. Grundvöllur stöðugleika væri að stjórnvöld settu sér langtíamarkmið og tækju byggingariðnaðinn inn í sem þátt í opinberri stefnumótun.

Innleiðing reglugerðar

Þátttakendur á STEFNUMóti voru spurðir um viðhorf sitt til reglugerðarumhverfis og neytendaverndar. Í báðum tilvikum gætti fremur neikvæðs viðhorfs. Enginn þátttakandi var mjög ánægður með reglugerðarumhverfið og einungis eitt prósent þátttakenda var mjög ánægð með neytendavernd. Aðilar úr stjórnsýslunni voru ánægðastir allra hópa með reglugerðarumhverfi og óánægðastir allra með stöðu neytendaverndar.

Þátttakendum STEFNUMóts þótti innleiðing byggingarreglugerðarinnar frá árinu 2012 einkennast af hraða, lélegri kynningu og takmörkuðu samráði, sem þó

hefði batnað nokkuð þegar leið á. Kalla hefði þurft eftir meira samráði við stöðkerfi og verktaka, gefa sér betri tíma í það ferli og taka færri skref í einu. Rætt var um nauðsyn þess að kynna breytingar á lögum og reglugerðum betur og að auka þyrfti tengsl milli ráðuneyta og iðnaðar. Þá kom fram að færa þyrfti málaflokkinn undir eitt ráðuneyti í stað þess að hann heyrði undir bæði umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneytið eins og nú er.

Þá gætti fremur neikvæðs viðhorfs á meðal þátttakenda til samningaumhverfisins og útboðsmála sem eru ríkjandi í íslenskum byggingariðnaði. Mestrar ánægju gætti hjá fulltrúum fasteignafélaga og fjármögnunar þar sem 32 prósent voru frekar eða mjög ánægð með stöðu mála. Ýmis gagnrýni kom fram á ýmsa þætti í tengslum við útboðsform, matsaðferðir og gerð verklýsinga. Gagnrýnt var að í opinberum útboðum væri öðru fremur horft á fjárhagslega þætti þó ljóst væri að besta tilboðið væri ekki alltaf það lægsta. Þetta ýtti undir átakahefð. Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að „stýra“ verkefnum inn í stærri fyrirtæki. Með því væri stuðlað að skertri samkeppni enda væru aðeins örfá stærri fyrirtæki starfandi. Jafnframt var bent á að hjá flestum stýriverktökum væri öll vinna aðkeypt og því væri í raun verið að framselja samningsstöðu til stýriverktakans. Þetta væri óábyrgt gagnvart minni fyrirtækjum í verktakaiðnaði sem mörg hver væru sérhæfðari en þau stóru. Til að stuðla að bættu rekstrar- og starfsumhverfi væri mikilvægt að

stuðla að fjölbreyttari útboðsleiðum. Þá var rætt um að útboðsgögn og verklýsingar væru víða léleg. Algengt væri að verktími væri of knappt áætlaður og stuðlaði það að skertum gæðum og óhóflegum þrýstingi á verktakafyrirtæki. Þá var bent á að tækifæri til umbóta lægju í aukinni nýtingu upplýsingatækni og var útboðsþingi Samtaka iðnaðarins hrósað.

Viðskiptasiðferði er vandamál

Miðað við niðurstöður STEFNUMóts er viðskiptasiðferði í byggingariðnaðinum nokkurt vandamál. Sjötíu og tvö prósent þeirra sem þátt tóku voru mjög eða frekar óánægð með stöðu mála en enginn þátttakandi reyndist mjög ánægður með þennan þátt. Jákvæðastir voru fulltrúar fasteignafélaga og fjármálastofnana (23 prósent) en enginn fulltrúi stjórnsýslu var jákvæður gagnvart stöðu viðskiptasiðferðis. Þá var mikill meirihluti þátttakenda, eða 85 prósent, mjög eða frekar sammála því að svört atvinnustarfsemi væri vandamál innan iðnaðarins. Níutíu prósent voru sammála því að svört atvinnustarfsemi veikti samkeppnisstöðu fyrirtækja í iðnaðinum. Skiptari skoðanir voru um hvort svört atvinnustarfsemi væri vaxandi vandamál í iðnaðinum, en 51 prósent taldi svo vera en 13 prósent þátttakenda voru frekar eða mjög ósammála því.

Álfka skýrar línur mátti sjá í umræðunum hvað varðaði síðferðistengda þætti. Kvartað var yfir kennitöluflakki og tækifærismennsku sem ríkjandi væri og bent á að iðnaðarmenn þyrftu að

12%

var hluti byggingariðnaðarins í vergri landsframleiðslu þegar hann fór sem hæst á árunum fyrir bankahrun.

bæta virðingu og síðferði í störfum sínum. Þá var rætt um síðleysi meðal stærri verktakafyrirtækja sem hefðu „hredjatök“ á sveitarstjórnnum. Þá var rætt um að stýri- og aðalverktakar hlunnfæru víða undirverktaka sína með tilheyrandi áhrifum niður keðjuna. Þá töldu þátttakendur að auka þyrfti markvisst samstarf iðnaðarins með fjármálastofnunum með það að markmiði að laga fjármögnunarleiðir að framkvæmdaferli og stuðla að heilbrigðari fjárhag aðila niður framleiðslukeðjuna.

Mikilvægt að bæta menntun

Á STEFNUMóti var mikið rætt um iðnnám og hvernig mögulega mætti efla það. Menn lýstu áhyggjum af því hve fáir stunda iðnnám og hver ímynd þess væri. Auka þyrfti virðingu fyrir því og jafna rétt þess gagnvart bóknaði. Þá var rætt um að gamla meistarakerfið væri úrelt. Erfitt væri fyrir atvinnurekendur að taka nemendur við þær rekstrarástæður sem hér ríktu og mikilvægt að hið opinbera styddi við starfsnámssamninga með fjárfraðslu líkt og gert væri með annað nám. Á móti mætti gera meiri kröfur á meistara um gæði námsins.

ASUS®

SMÁTÖLVA

VINNUSTÖÐ, SJÓNVARPSTÖLVA
EÐA AUKATÖLVA Í BARNHERBERGIÐ.



ÓTRÚLEGT
VERÐ!

59.990

FYRIRFERÐALÍTIL OG HLJÓÐLÁT

VivoPC frá Asus býður upp á nýja möguleika fyrir þá sem vilja alvöru borðtölvu sem tekur mjög lítið pláss. Aðeins 19 cm á dýpt og breidd. Intel örgjörvi og ótrúlegt verð. Fullkomin vinnustöð, sjónvarpstölva eða aukatölva í barnaherbergið.



Lika fánleg með i3 og i5



Aðeins 19 cm



Práðlaust AC háhraðanet



tl.is

TÖLVA
LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

Þegar á hólminn er komið ristir pólitísk samstaða á evrusvæðinu grunnt.

Spádómur Friedmans rættist

Það eru mikil lífsgæði sem fylgja því að nota stöðugan gjaldmiðil sem heldur verðgildi sínu. Það eru líka lífsgæði að geta ferðast til 19 landa og notað þennan sama gjaldmiðil í þeirri vissu að alls staðar er verðgildi hans það sama. Í þessu felst líka fyrirsjáanleiki. Og þegar við skipuleggjum fjármál okkar skiptir fyrirsjáanleiki miklu máli.

Eldri Grikkir sem ég ræddi við í Aþenu þegar ég var þar í síðustu viku sögðust hugsa til þess með hryllingi að fara aftur í drökmuna. Fara aftur í ástand þar sem bölvæð basl og óvissa fylgdi því að skipuleggja ferðalög til útlanda. Bæði vegna þess að það var erfitt að fá gjaldeyri og einnig vegna óvissunnar um hversu mikils virði drakman var gagnvart viðkomandi mynt þegar komið var á áfangastað.



Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Eldri Grikkir sögðust hugsa til þess með hryllingi að fara aftur í drökmuna.

Reynsla síðustu vikna kennir okkur þó að stöðugleikinn og fyrirsjáanleikinn sem fylgir evrunni er dýru verði keyptur. Samkomulagið sem gert var í Brussel aðfaranótt mánudags er niðurlæging fyrir Grikki en um er að ræða víðtækasta inngrip í fjárhagslegt fullveldi ríkis í sögu evrópsks samstarfs á 20. og 21. öld.

Milton Friedman heitinn, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, varaði við því í grein árið 1997 að myntsamstarfið um evruna myndi leiða til pólitískrar sundrunar (e. political disunity) í Evrópu og þannig fara þvert gegn tilgangi sínum. Friedman benti á að notkun sama gjaldmiðils hentaði vel í öllum fylkjum Bandaríkjanna þar sem íbúarnir töluðu sama tungumál og höfðu sömu siði og venjur og hreyfanleiki vinnuafis væri mikill. Hreyfanleiki vinnuafis er miklu minni í Evrópu þar sem íbúar ólíkra þjóðríkja tala ólík tungumál, hafa ólíka siði og venjur og eru mun hliðhollari eigin landi en innri markaðnum og hugmyndinni um „sameinaða Evrópu“.

Spádómur Friedmans virðist hafa ræst. Tímabilið frá stofnun Kola- og stálbandalagsins, forvera ESB, árið 1957 og til dagsins í dag er lengsta friðartímabil í sögu álfunnar. Þessum friði er nú ógnað vegna ólgunnar á evrusvæðinu, einkum í suðurhluta Evrópu. Samkomulagið við Grikki sýnir að þegar á hólminn er komið ristir pólitísk samstaða á evrusvæðinu afar grunnt.

Lærdómurinn af vanda evrusvæðisins, sérstaklega Grikklands, vekur upp áleitnar spurningar um framtíð Íslendinga í gjaldmiðils- og peningamálum. Í krónunni felst innbyggður ójöfnuður þar sem almenningur ber byrðarnar af gengisfellingum en nýtur hagsbóta í formi einhvers konar brauðmola-kenningar (e. trickle-down economics) vegna bættrar stöðu hagkerfisins þegar útflutningsgreinarnar blómstra. Þetta er það sem gerðist á Íslandi eftir hrunið þegar mikilvægar útflutningsgreinar náðu kröftugri viðspyrnu eftir gengisfellingunni. Lærdómur síðustu ára er aftur á móti sá að evran sé ekki fýsilegur kostur. Ég á erfitt með að sjá að meirihluti Íslendinga muni nokkurn tímann sætta sig við jafn víðtækt inngrip í fjárhagslegt fullveldi íslenska ríkisins og evrusamstarfið felur í sér og atburðir síðustu vikna eru til vitnis um.

Eitt mikilvægasta verkefni íslenska löggjafans er að skapa umgjörð undir krónuna til að sporna gegn þessum ójöfnuði með hagstjórnartækjum. Vonandi munu lög um opinber fjármál – og þjóðhagsvarúðartæki Seðlabankans eftir afnám hafta ná þessu markmiði. Ella mun almenningur áfram taka á sig stærstu högginn sem fylgja óstöðugleika krónunnar. Það er gjaldið sem við greiðum fyrir sjálfstæða peningastefnu.

Bastilludagurinn haldinn hátíðlegur



Í HÁTÍÐARSKAPI Þjóðhátíðardagur Frakklands, Bastilludagurinn, var haldinn hátíðlegur í gær. Á þeim degi er áhlaupsins á Bastilluna í Frönsku byltingunni 14. júlí 1789 minnst. Bastilludagurinn var gerður að þjóðhátíðardegi árið 1880. Franskir dátár voru á meðal þeirra sem héldu daginn hátíðlegan.

Skattgreiðendur eiga ekki að borga hraðlest til Keflavíkur



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Flestir Íslendingar hafa ferðast með lestum erlendis og margir alið með sér þann draum að einn góðan veðurdag verði þessum skemmtilega ferðamáta komið á hér á Fróni. Allt frá árinu 1894 hafa stjórnálmenn rætt slíkar hugmyndir af fullri alvöru. Upphaflega var rætt um jarnbraut frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu og norður til Akureyrar en í seinni tíð hefur einkum verið rætt um hraðlest til Keflavíkurflugvallar sem og sporgagna (léttlestir) og jafnvel neðanjarðarlest á höfuðborgarsvæðinu. Hingað til hafa þó allar slíkar hugmyndir gufað upp þegar kaldir kostnaðarútreikningar hafa tekið við af rómantísku tyllidagaskvaldri pólitíkusa. Spurningin „Hvað kostar þetta og hver á að borga?“ verður ekki umflúin í þessu efni frekar en öðru.

Hingað til höfum við Íslendingar því þurft að láta lestina í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum duga og nú síðast Hafnarlestina sem hóf akstur við Reykjavíkurhöfn fyrir nokkrum dögum. Óhætt er að mæla

með þessum skemmtilegu lestum þótt báðar séu á hjólum.

Arðbært verkefni?

Um síðustu aldamót var skrifuð skýrsla um lagningu jarnbrautar til Keflavíkurflugvallar og rekstur hraðlestar þar á milli. Niðurstaðan var sú að rekstur hraðlestarinnar gæti orðið arðbær, þ.e.a.s. ef ekki væri gert ráð fyrir fjárfestingarkostnaði, sem var á þávirði metinn 22-30 milljarðar króna. Vonuðust aðstandendur hugmyndafræðinga til þess að ríkið (skattgreiðendur) myndi greiða fjárfestingu verkefnisins. Sú hugmynd hlaut sem betur fer ekki undirtektir hjá þáverandi fjármálaráðherra.

Ýmsir töldu rekstrarhæfi slíkrar lestar ofmetið í skýrslunni. Var m.a. bent á að í henni væri reiknað með því að um leið og lestin hæfi starfsemi, myndu flugfarþegar nánast hætta að ferðast með rútum út á Keflavíkurflugvöll. Slíkt er óraunhæft þar sem flugrútan stendur afar vel að vígi í samkeppni við aðra ferðamáta. Ekki síst vegna þess að hún ekur flugfarþegum alla leið heim á hótél og sækir þá þangað áður en haldið er út á flugvöll að nýju.

Nú hefur rykið verið dustað af hraðlestinni til Keflavíkur og samkvæmt nýjum útreikningum

aðstandenda hugmyndafræðinga er verkefnið metið arðbært. Ólíkt því sem talið var fyrir fimmtán árum er ekki talin þörf á stuðningi frá hinu opinbera svo það verði að veruleika, hvorki varðandi rekstur né fjárfestingu. Hafa ákveðnar forsendur í dæminu vissulega breyst á sl. fimmtán árum og t.a.m. hefur fjöldi erlendra ferðamanna ríflega þrefaldast á tímabilinu. Reiknað er með að kostnaður við verkefnið verði rúmlega eitt hundrað milljarðar króna.

Of snemmt er að segja til um hvernig ganga muni að afla fjár til verkefnisins á almennum markaði en það er að sjálfsögðu raunhæfasti mælikvarðinn á hvort verkefnið sé arðbært eða ekki. Mörg dæmi eru um það erlendis að kostnaður við slíka hraðlestarverkefni hafi farið langt fram úr áætlunum og almenningur verið látinn gjalda fyrir það dýru verði. Slíkt má ekki gerast hér. Reynslan sýnir að slíkt stórverkefni eru áhættusöm og því er mikilvægt að hið opinbera komi ekki á neinn hátt að fjármögnun þess.

Sjálfsgert er að óska aðstandendum hugmyndafræðinga góðs gengis, svo fremi að verkefnið sé fjármagnað á heilbrigðum markaðsforsendum en ekki pilsfaldakapitalisma þar sem allri áhættu er velt yfir á skattgreiðendur.

Að stofna eigið fyrirtæki er nú eftirsóknarverður kostur

Hin hliðin

Salóme Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri
Klaka Innovat

Nýsköpunarfyrirtæki þjóna lykilhlutverki í hagkerfinu vegna framlags þeirra til tækniframfara og nýrrar þekkingar. Vöxtur slíkra fyrirtækja er forsenda þess að við Íslendingar getum skotið fleiri stoðum undir útflutning okkar og aukið framleiðslugetu landsins á komandi árum.

Undanfarinn áratug hafa orðið töluverðar breytingar á stuðningsumhverfi frumkvöðla hér á landi. Það urðu vissulega til nokkur öflug fyrirtæki, en frumkvöðlar unnu hver í sínu lagi og lítið var um skipulagða viðburði. Háskólarnir buðu upp á námskeið til einkað nýsköpun og stofnun fyrirtækja en það skorti vettvang

til stuðnings og eftirfylgni fyrir þær hugmyndir sem þar spruttu upp. Upplýsingar um það hvernig frumkvöðlar skyldu bera sig að í upphafi voru jafnframt ekki nægilega aðgengilegar.

Almennt séð var lítil þekking á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í þjóðfélaginu og henni ekki gert hátt undir höfði. Frumkvöðlar voru jafnvel álitnir hálfgerðir sérvitringar. Nýútskrifaðir nemendur háskólanna horfðu til fjármálageirans og annarra stórfyrirtækja sem fyrsta kost fyrir framtíðarstarf, en sprotafyrirtæki voru ekki á ratsjánni.

Með aukinni umfjöllun um árangur íslenskra fyrirtækja á borð við CCP, QuizUp, Meniga, Datamarket, GreenQloud og Marorku hafa orðið til sífellt fleiri fyrirmyndir innan sprotasamfélagsins. Alþjóðleg stórfyrirtæki eins og Apple, Google, Facebook og Spotify sem notið hafa mikillar

velgengi og gjarnan eru flokkuð sem fyrirmyndar sprotafyrirtæki hafa einnig áhrif á viðhorf og ímynd frumkvöðla. Að stofna eigið fyrirtæki er nú viðurkenndur og ekki síður eftirsóknarverður valkostur.

Árlega eru haldnir yfir 300 viðburðir í tengslum við frumkvöðlastarf á Íslandi og framboð sérsniðinnar vinnuástöðu fyrir frumkvöðla hefur aldrei verið betra. Með hugsjón lykil aðila innan sprotasunnar; reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga, ásamt stuðningi háskólasamfélagsins og hins opinbera, hefur orðið til öflugt frumkvöðlasamfélag á Íslandi á síðustu árum.

Ein meginástæða þess árangurs sem náðst hefur er að mínu mati sú ríka áhersla sem lögð hefur verið á að horfa til erlendra fyrirmynda varðandi áherslur og val verkefna. Með viðskiptahröðlum og öðrum alþjóðleg-

um samstarfsverkefnum hefur orðið til ný reynsla og þekking auk tengsla sem hafa orðið til þess að við höfum öðlast færni til að geta svarað betur þörfum frumkvöðla á seinni stigum, þ.e. við undirbúning fyrir fjármögnun og sókn á erlenda markaði.

Mikilvægt er því að markvisst sé unnið að því að koma framúrskarandi sprotafyrirtækjum á framfæri og þau verði fengin til að deila reynslu sinni til að hvetja aðra frumkvöðla og hugmyndasmiði til dáða. Það er ekki síður mikilvægt að þær reynslusögur nái út fyrir landsteinana til að vekja athygli á áhugaverðum fjárfestingarkostum á Íslandi. Gott samstarf við fremstu sprotasamfélög heims skiptir meginmáli til að tryggja að við séum í takt við tímann. Með virkum alþjóðlegum tengslum skapast raunveruleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag.



Póst dreifing

The screenshot shows the 'Póst dreifing' website interface. On the left, there is a list of postal districts under the heading 'FJÖLPÓSTUR'. The districts listed are Reykjavík, 101, 103, 104, Heimar (selected), Laugarás, Sund, Vögar, 105, 107, 108, Seljarnarnes, Kópavogur, Garðabær, 210, and 225. On the right, there is a section titled 'BLÖÐ OG TÍMARIT' (Pages and Timetable) with a sub-section 'HÚSNÆÐI' (Household) showing prices for Serbjé (3,000), Fjöbyl (1,925), and Samtals heimill (4,924). Below this, there is a section for 'PAPPÍR' (Paper) with options for 'Pappírstærð' (A1) and 'Pappírshæð' (80g). The total price is shown as 'ÁRTELAD VERÐ 0 KR.' (Total price 0 KR.).


NÝ VEFSÍÐA KOMIN Í LOFTIÐ!

www.postdreifing.is



JÚLÍ TILBOÐ!

Á handhægan hátt getur þú kannað verð eða fengið tilboð á fjölpóstdreifingum á nýjum vef Póstdreifingar.



REIKNIVÉL

Reiknaðu út dreifingarverð á fjölpósti með nýrri reiknivél Póstdreifingar.



KORT

Kort sem tengt er við reiknivélina sýnir hvaða svæði eru valin.

117 MILLJÓNIR

LSR seldi 3 milljónir hluta í N1

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins seldi þrjár milljónir hluta í N1 í gær. Þetta kom fram í flöggun til Kauphallarinnar. Gengi bréfa í gær var 39,15 á hlut og því var verðmæti sölulutarins 117 milljónir króna.

Eftir viðskiptin á A-deild lífeyrissjóðsins 45 milljónir hluta, eða 9,57 prósent hlut í fyrirtækinu. Nemur verðmæti hlutarins tæplega 1,8 milljörðum króna.

10. 07. 2015 Við stýfum þetta með tvennum hætti. Annars vegar eru það viðskipti Eignasafns Seðlabankans, sem frá áramótum hafa dregið 24 milljarða af lausu fé út af markaðnum. Og hins vegar með því að fá þetta inn á bundna reikninga. Samtals frá áramótum hafa verið dregnir 98 milljarðar inn á þá reikninga.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri



10 MILLJARÐA VELTA

Á þriðja hundrað samningum var þinglýst

265 samningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu 3. júlí til 9. júlí 2015. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár. Þar af voru 202 samningar um eignir í fjölbýli, 52 samningar um sérþýli og 11 samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarveltan var 9.666 milljónir króna og meðalupphæð á samning 36,5 milljónir króna.

Á sama tíma var 10 kaupsamningum þinglýst á Suðurnesjum, 17 kaupsamningum á Akureyri og 16 kaupsamningum var þinglýst á Árborgarsvæðinu.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Röng forgangsröðun í bankakerfinu

Landsbankinn hefur ákveðið að ráðast í byggingu nýrra höfuðstöðva við Austurhöfn í Reykjavík. Áætlað bankinn að byggingin muni kosta um átta milljarða króna og komi til með að borga sig upp á u.þ.b. tíu árum enda byggist bankinn selja fasteignir á mótí, auk þess sem leigukostnaður mun minnka.

LANDSBANKINN er 98% í eigu íslenska ríkisins – skattgreiðenda. Hagnaður bankans á síðasta ári nam tæplega 28 milljörðum króna, og ætla má að afkoman í ár verði sambærileg sé miðað við fyrsta ársfjórðung.

Ekki er þó allt sem sýnist í uppgjörum bankanna, enda vitað mál að lán sem færð voru úr gömlu bönkunum í þá nýju á afslætti hafa verið innheimt að fullu. Viðlíka afkomutölur eru því síður en svo tryggðar til frambúðar, heldur byggjast að stórum hluta á einkskiptishagnaði.

Raunar er ljóst að þegar kemur að skuldadögum þurfa bankarnir sennilega að vernda afkomu sína með hagræðingu eða hækkun þjónustugjalda. Nema hvort tveggja verði raunin.


Því þykir stjórnarmanninum kyndugt að lesa um fyrirætlanir ríkisbankans um byggingu nýrra höfuðstöðva, en ætla mætti að þarfari verkefni biði úrlausnar í fjármálageiranum. Þannig mætti til að mynda nefna sölu á eignum sem ekki teljast til kjarnastarfsemi, en bankarnir eiga í dag stóra hluti í fyrirtækjum á hinum ýmsu sviðum – allt frá fasteignum og matvöru yfir í fjarskipti.

FÆKKUN starfsfólks í fjármálageiranum hefur sömuleiðis verið óveruleg síðan 2008, en skv. Fjármálaeftirlitinu eru starfsmenn í dag einungis 11% færri en í árslok 2008. Áhugavert í ljósi þess að eignir bankanna eru í dag sagðar vera um það bil fimmtungur af því sem þær voru sumarið 2008.

Spurningin er því hvort lausn á húsnæðisvanda Landsbankans liggja ekki í augum uppi? Kaupþing byggði á sínum tíma veglegar höfuðstöðvar í Borgartúni. Lokið var við bygginguna í árslok 2007 og hýsti hún megnið af innlendri starfsemi bankans. Í dag er byggingin notuð undir höfuðstöðvar Arion banka.

Í LJÓSI þess að Borgartúnshöllin hýsti á sínum tíma banka sem var margfaldur að stærð við samantlagða starfsemi Arion banka og Landsbankans mætti ímynda sér að undir eðlilegum kringumstæðum gætu bankarnir deilt aðstöðunni þannig að vel færi um alla. Jafnvel mætti ganga lengra og sameina hreinlega bankana tvo. Við sameininguna mætti svo greiða út veglegan arð til ríkisins, sem t.d. gæti staðið undir byggingu nýs spítala.

Dúnmjúkt lín fyrir hótél og ferðapjónustur



Fastus býður uppá hágæða fagvörur fyrir hótél og veitingahús - hvort sem er alhliða lausnir í eldhús og matvælavinnslu eða húsgögn og lín fyrir hótélherbergi.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðaðu vöruúrvalið - og fáðu um leið ráðgjöf hjá sölumönnum Fastus sem hafa áratugareynslu á veitingasviði.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is